

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 255/2022

2023/EES/31/28

frá 23. september 2022

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagsvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1730 frá 28. september 2021 um samræmda notkun á tvíáttatíðnisviðunum 874,4-880,0 MHz og 919,4-925,0 MHz og eináttatíðnisviðinu 900-910 MHz fyrir fjarskiptabúnað járnbrautarlesta ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn í breytist því samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5czt (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1067) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5czu. **32021 D 1730**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1730 frá 28. september 2021 um samræmda notkun á tvíáttatíðnisviðunum 874,4-880,0 MHz og 919,4-925,0 MHz og eináttatíðnisviðinu 900-910 MHz fyrir fjarskiptabúnað járnbrautarlesta (Stjtfð. ESB L 346, 30.9.2021, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2021/1730, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtfð. ESB L 346, 30.9.2021, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.